

# Fundargerð 831. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2015, föstudaginn 30. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Helgason, Margrét Lind Ólafsdóttir í forföllum Gunnars Axels Axelssonar, Jónína Erna Arnardóttir, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Aldís Hafsteinsdóttir boðaði forföll, en varamaður hennar hafði ekki tók á að sitja fundinn.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson að hluta, Inga Rún Ólafsdóttir að hluta og Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 830. fundar - 1412022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 830. fundar frá 11. september 2015.

*Fundargerðin staðfest og undirrituð.*

### 2. Fjárhagsvandi tónlistarskóla í Reykjavík - 1403035SA

Lagt fram bréf Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 28. september 2015, um tillögu að lausn á bráðum fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík. Einnig lagt fram bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 15. september 2015, um fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík og bréf sambandsins og Reykjavíkurborgar til mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 27. ágúst 2015, með tillögu að lausn á bráðum fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík, áður á dagskrá stjórnar sambandsins 11. september 2015. Eftirfarandi bókun var gerð samhljóða:

*Sú staða sem uppi er í málefnum tónlistarskóla er með öllu óásættanleg. Frá síðustu áramótum hefur enginn samningur verið í gildi milli ríkis og sveitarfélaga um tónlistarnám á framhaldsstigi og á miðstigi í söng. Rekstrarstaða nokkurra tónlistarskóla er alvarleg um þessar mundir og hafa tveir söngskólar þegar sagt upp öllu starfsfólki og boðað lok starfsemi sinnar um áramótin. Mikilvægt er að reynt verði til þrautar að ná samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um lausn á bráðavanda umræddra tónlistarskóla svo áratuga starfi við uppbyggingu tónlistarnáms verði ekki kastað á glæ. Þessi staða hefur jafnframt skapað mikla óvissu um fjármögnun og framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélögin tóku að sér á grundvelli samkomulags um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ef ekki verður gengið án tafar frá nýju samkomulagi þarf að tryggja fjármögnun þessara verkefna á fjárlögum fyrir árið 2016.*

*Með vísan til svarbréfs mennta- og menningarmálaráðherra frá 28. september 2015 við bréfi borgarstjóra og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga ítrekar stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að aðkoma ríkisins að nauðsynlegum bráðaaðgerðum með 60 m. kr. framlagi, þóir enga bið. Stjórnin áréttar einnig bókun sína frá 11. september 2015 um að stjórnin er einhuga um að það sé bæði rétt og eðlilegt að framlög ríkisins taki til kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna tónlistarnáms á framhaldsstigi og 4. stigi, auk miðstigs í söngnámi og tengdum kostnaði, enda er slíkt í samræmi við inntak þess samnings sem var gerður á árinu 2011 og þann góða vilja sem þar bjó að baki. Stjórnin leggur áherslu á að sem fyrst verði gerður nýr samningur og tekur undir boð ráðherra um formlegar viðræður hið fyrsta til að ræða sameiginlega lausn til að styrkja rekstrarstöðu tónlistarskólanna og breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga um tónlistarnám til framtíðar.*

### **3. Tekjustofnar sveitarfélaga 2015 - 1509041SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 28. október 2015, um styrkingu og breikkun á tekjustofnum sveitarfélaga. Einnig lagðar fram nýlegar ályktanir nokkurra sveitarfélaga um tekjustofna sveitarfélaga og innheimtuþóknun ríkisins vegna innheimtu á útsvari.

Framkvæmdastjóri gerði nánari grein fyrir minnisblaðinu og svaraði spurningum stjórnarmanna.

*Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að undirbúa viðræður við fjármála- og efnahagsráðherra um styrkingu og breikkun tekjustofna sveitarfélaga sem byggja á minnisblaði framkvæmdastjóra sambandsins frá 28. október 2015 og umræðum sem fram fóru á fundinum. Stjórnin telur þó að hækkun útsvars um 0,09% til fjármögnunar á þjónustu við fatlað fólk sé ekki nægjanleg til þess að eyða hallarekstri málaflokksins.*

Skúli Þór Helgason vék af fundi kl. 12:58.

### **4. Kjaramálanefnd sambandsins - 1202010SA**

Lögð fram fundargerð 18. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 16. október 2015.

### **5. Rammasamkomulag milli aðila vinnumarkaðar - 1409042SA**

Lagt fram ramma-samkomulag milli aðila vinnumarkaðar, dags. 27. október 2015.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir fyrir sitt leyti ramma-samkomulag milli aðila vinnumarkaðar, dags. 27. október 2015, þar sem lagður er grunnur að meiri sátt á vinnumarkaði með breyttum og bættum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga.*

### **6. Aðalmaður í stefnumótandi nefnd CEMR - 1410120SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 27. október 2015, þar sem lagt er til að Halla Sigríður Steinólfsdóttir, varaformaður sambandsins verði tilnefnd sem aðalmaður í stefnumótandi nefnd CEMR í stað Bjarkar Vilhelmsdóttur, sem látið hefur af störfum sem borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg.

*Stjórnin skipar Höllu Sigríði Steinólfsdóttur sem fulltrúa sinn í stefnumótunarnefnd Evrópusamtaka sveitarfélaga og héraða CEMR í stað Bjarkar Vilhelmsdóttur, sem látið hefur af störfum sem borgarfulltrúi í Reykjavík.*

**7. Samráðsfundur stjórnar sambandsins og fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga - 1412022SA**

Lagðir fram minnispointar frá fundi stjórnar sambandsins og fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga sem haldinn var 25. september 2015.

**8. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 0911050SA**

Lögð fram fundargerð 26. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 27. ágúst 2015.

**9. Skólamálanefnd sambandsins - 0504189SA**

Lögð fram fundargerð 95. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 12. október 2015, með tillögu til stjórnar undir 3. lið.

*Stjórnin samþykkir tillögu skólamálanefndar í 3. tölulið fundargerðarinnar, að sambandið hafi frumkvæði að því að kalla saman samráðsfund með velferðarráðuneytinu til þess að ræða stöðuna í geðheilbrigðismálum grunnskólabarna. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að hrinda samþykktinni í framkvæmd.*

**10. Samkomulag um eflingu íslenskrar ferðapjónustu - 1510147SA**

Lagt fram samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka ferðapjónustunnar, dags. 6. október 2015, um eflingu íslenskrar ferðapjónustu til ársins 2020, ásamt skýrslunni Vegvísi í ferðapjónustu, sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðapjónustunnar, gáfu út í október 2015.

*Stjórnin staðfestir fyrir sitt leyti samkomulag ríkisstjórnar Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka ferðapjónustunnar um eflingu íslenskrar ferðapjónustu til ársins 2020, m.a. með því að setja á laggirnar Stjórnstöð ferðamála, sem mun starfa til ársloka 2020. Forsætisráðherra mun skipa tíu manna stjórn Stjórnstöðvar ferðamála og verða fulltrúar sambandsins tveir í stjórninni.*

*Samþykkt var að fulltrúar sambandsins verði Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, og Sigrún Blöndal, forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs.*

**11. Fjármögnun og fyrirkomulag Námsgagnasjóðs - 1503045SA**

Lagt fram bréf Námsgagnasjóðs, dags. 16. september 2015, um fjármögnun og fyrirkomulag sjóðsins.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir að óska eftir viðræðum við mennta- og menningarmálaráðherra um fyrirkomulag og framtíð Námsgagnasjóðs á grundvelli bréfs starfsmanna sjóðsins, dags. 16. september 2015.*

**12. Skráning kaupskipa á Íslandi - 1509090SA**

Lagt fram bréf Hafnasambands Íslands, dags. 28. september 2015, um skráningu kaupskipa á Íslandi, ásamt skýrslunni Alþjóðleg skráning skipa á

Íslandi - Raunhæfur möguleiki? sem fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf út í lok árs 2014.

*Stjórnin óskar eftir umsögn og minnisblaði frá framkvæmdastjóra sambandsins um málið, sem lagt verði fram á stjórnarfundum við fyrsta tækifæri.*

**13. Aðkoma sambandsins að flóttamannamálum sveitarfélaga - 1509005SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 27. október 2015, um aðkomu sambandsins að flóttamannamálum sveitarfélaga í framhaldi af samþykkt stjórnar á fundi 11. september 2015, ásamt fylgiskjölum. Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins skýrði nánar frá stöðu mála.

**14. Yfirlýsing Félagsráðgjafafélags Íslands vegna móttöku flóttafólks - 1509005SA**

Lögð fram yfirlýsing Félagsráðgjafafélags Íslands, dags. 13. október 2015, vegna móttöku flóttafólks.

**15. Endurskipun eins fulltrúa í skipulagsmálanefnd sambandsins - 0910016SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. september 2015, um endurskipun eins fulltrúa í skipulagsmálanefnd sambandsins.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga skipar Bárð Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúa í Sveitarfélaginu Árborg, í stað Péturs Bolla Jóhannessonar, sem látið hefur af störfum sem skipulagsfulltrúi í Akureyrarkaupstað.*

**16. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2015 - niðurstöður mats - 1410129SA**

Lagðar fram niðurstöður mats þátttakenda á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2015.

Sigurður Björn Blöndal vék af fundi kl. 14:10.

**17. Ósk um stuðning vegna breytinga á sveitarstjórnarlögum - 1510176SA**

Lagt fram bréf Kristins Þórs Jakobssonar, bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins í Reykjanesbær, dags. 22. október 2015, þar sem hann óskar eftir stuðningi stjórnar sambandsins við að breyta sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 - rétt til að skipa áheyrnarfulltrúa í nefndir og ráð.

*Framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað um erindið og leggja fram á stjórnarfundum við fyrsta tækifæri.*

**18. Stjórnarfundir 2016 - 1510183SA**

Lögð fram drög að dagatali stjórnar sambandsins 2016 með áætlun um dagsetningar stjórnarfunda.

**19. Bakhópur vegna málefna fatlaðra - 1106013SA**

Lögð fram fundargerð 17. fundar bakhóps Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga frá 28. ágúst 2015.

**20. Tillaga um fulltrúa í málnefnd um íslenskt táknmál - 1509083SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 7. október 2015, um tillögu sambandsins um fulltrúa í málnefnd um íslenskt táknmál.

**21. Tilnefning í nefnd um endurskoðun löggjafar um sjálfstætt starfandi grunnskóla - 1509020SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 7. október 2015, þar sem Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, og Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingar á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefnd í nefnd um endurskoðun löggjafar um sjálfstætt starfandi grunnskóla.

**22. Tilnefning í stjórn þróunarsjóðs námsgagna - 1509018SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. október 2015, þar sem Þórdís H. Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi á fræðslusviði Sveitarfélagsins Árborgar, og Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla í Hafnarfirði, eru tilnefnd í stjórn þróunarsjóðs námsgagna.

**23. Endurtilnefning í samráðsnefnd leik- og grunnskóla - 1405029SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 20. október 2015 þar sem Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, og Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd í samráðsnefnd leik- og grunnskóla.

**24. Umsögn um drög að kerfisáætlun 2015-2024 - 1501002SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Landsnets hf., dags. 14. september 2015, um kerfisáætlun 2015-2024.

**25. Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á umferðarlögum - 1509031SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 23. september 2015, um drög að frumvarpi til breytinga á umferðarlögum.

**26. Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um menningarminjar - 1407018SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 25. september 2015, um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um menningarminjar.

**27. Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu til ársins 2020 - 1509100SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 2. október 2015, um drög að þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu til ársins 2020.

**28. Umsögn um frumvarp um landsáætlun um uppbyggingu innviða - 1409017SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 7. október 2015, um frumvarp um landsáætlun um uppbyggingu innviða, 133. mál.

**29. Umsagnir um frumvarp um breytingar á náttúruverndarlögum nr. 60/2013 - 1410092SA**

Lagðar fram til kynningar umsagnir sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 7. og 22. október 2015, um frumvarp um breytingar á náttúruverndarlögum nr. 60/2013, 140. mál.

**30. Umsögn um eigendastefnu fyrir þjóðlendur - 1509086SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 9. október 2015, um verkefnislýsingu eigendastefnu fyrir þjóðlendur.

**31. Umsögn um skýrslu um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum - 1311064SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innanríkisráðuneytisins, dags. 14. október 2015, um skýrslu um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.

**32. Umsögn um drög að stefnu í velferðarækni - 1311080SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 22. október 2015, um drög að stefnu í velferðartækni.

**33. Umsögn um frumvarp til breytingar á skipulagslögum - 1510162SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 22. október 2015, um frumvarp til breytingar á skipulagslögum, 225. mál.

**34. Umsögn um frumvarp um forsendur fjárlaga - 1509017SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 8. október 2015, um frumvarp um forsendur fjárlaga, 2. mál.

**35. Umsögn um frumvarp um opinber fjármál - 1410131SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 20. október 2015, um frumvarp um opinber fjármál, 148. mál.

**36. Umsókn vegna þátttöku sambandsins í Menntamiðju - 1206006SA**

Lögð fram til kynningar umsókn sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 5. október 2015, vegna þátttöku sambandsins í Menntamiðju, ásamt fylgiskjölum.

**37. Skólaþing sveitarfélaga 2015 - 1505035SA**

Lögð fram til kynningar dagskrá Skólaþings sveitarfélaga sem haldið verður 2. nóvember 2015, með hvatningu til stjórnarmanna til að sækja þingið.

**38. Norsku sveitarstjórnarkosningarnar 2015 - 1508010SA**

Lögð fram til kynningar greinargerð um sveitarstjórnarkosningar í Noregi 2015 - kynnisferð, dags. í október 2015.

**39. Vinnumat og gæsla - niðurstaða könnunar - 1510184SA**

Lögð fram til kynningar niðurstaða könnunarinnar Vinnumat og gæsla, dags. í september 2015.

**40. Ályktanir aðalfunda landshlutasamtaka sveitarfélaga 2015 - 1503056SA**

Lagðar fram til kynningar ályktanir aðalfunda Samtaka sveitarfélaga Norðurlandi vestra, Eyþings, Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

**41. Ályktanir landsþings Proskahjálpar 2015 - 1510165SA**

Lagðar fram til kynningar ályktanir sem samþykktar voru á landsþingi Landssamtaka Proskahjálpar 2015.

**42. Ályktun skólastjórnenda í Kópavogi - 1509084SA**

Lögð fram til kynningar ályktun frá fundi stjórnenda í grunnskólum Kópavogs, dags. 21. september 2015.

Næsti fundur er ráðgerður föstudaginn 20. nóvember nk.

Fundi var slitið kl. 14:25.

---

Halldór Halldórsson

---

Eiríkur Björn Björgvinsson

---

Skúli Helgason

---

Margrét Lind Ólafsdóttir

---

Jónína Erna Arnardóttir

---

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

---

Gunnar Einarsson

---

Sigurður Björn Blöndal

---

Gunnhildur Ingvarsdóttir

---

Ísólfur Gylfi Pálmason

---

framkvæmdastjóri

---

ritari